

**133. fundur skólanefndar ME,  
haldinn 22. nóv. 2016 kl. 17:00 í fundaherbergi skólans**

**Mættir skólanefndarmenn:** Skúli Björn Gunnarsson og Anna Björk Guðjónsdóttir ásamt varamönnum Halldóri Warén og Láru Vilbergsdóttur. Gauti Jóhannesson, Ragnhildur Rós Indriðadóttir og Esther Gunnarsdóttir boðuðu forföll.

**Mættir áheyrnarfulltrúar:** Guðgeir Einarsson f.h. nemenda, Hlynur Ármannsson f.h. kennara og Steinunn Snædal f.h. foreldra. Ísar Tandri Hlynsson boðaði forföll.

**Jafnframt sátu fundinn:** Árni Ólason skólameistari og Arnar Sigbjörnsson áfangastjóri sem ritaði fundargerð.

**DAGSKRÁ:**

1. Staðfesting fundargerðar nr 132
2. Umbótaætlun ME fyrir 2017
3. Gangurinn í skólastarfinu
4. Fjármál framhaldsskólanna–fjárhagsáætlanagerð fyrir ár 2017
5. Skipurit ME–drög til skoðunar
6. Vorönn 2017
7. Fardagar 2017
8. Önnur mál.
  - a. Breyting á dagsetningu útskriftar haust 2016
  - b. Viðveruskráning foreldra U18 í INNU
  - c. Félagsstörf nemenda – Stutt yfirferð

*Skúli Björn setur fund kl. 17.05 og gengið er til dagskrár.*

**1. Staðfesting fundargerðar nr. 132**

Búið var að samþykka fundargerð 132. fundar í tölvupósti og var hún staðfest með undirritun á fundinum.

**2. Umbótaætlun ME fyrir 2017 – ERB**

Skila þarf inn umbótaáætlun fyrir byrjun desember. Elín Rán ætlaði að fara yfir þennan lið en er forfölluð. Árni fer yfir glærur frá henni en fundarmenn höfðu fengið aðgang að áætluninni í Dropboxi fyrir fund.

Umbótaáætlun felur m.a. í sér að ráða bót á hnökrum sem fram hafa komið í úttektum, s.s. ytra mati, innra mati, starfsmannasamtölum og starfsmannafundum. Áætlunin skiptist í fjóra meginþætti: Stjórnun og skipulag, kennslu og námsframboð, samskipti og líðan og húsnæði og aðbúnað.

Í ytra mati var minnst á að það vantaði aðgerðaáætlanir og felur umbótaáætlunin í sér viðbrögð við því. Unnið hefur verið í skipuriti skólans og er heimasíðan að lagast hægt og rólega í umsjá Elínar Ránar.

Búið er að gera skurk í flokkunarmálum á heimavist og nefnir Guðgeir að nemendaráð sé búið að sækja um styrk til að gerast plastpokalaust nemendafélag.

Árni lýsir því sem gert hefur verið í leiðsagnarmati, s.s. heimsókn til London síðastliðið vor og tvær heimsóknir Sólveigar Zophaníasdóttur frá Fræðslumiðstöð HA. Breytingar á lengd kennslustunda hafa almennt mælst vel fyrir hjá kennurum og nemendum. Guðgeir nefnir að stytting kennslustunda gagnist hvað síst í stærðfræðikennslu.

Árni greinir frá því að ME bauðst til að taka þátt í ráðningu sálfræðings með þátttöku í hálfu stöðugildi á móti HSA. Einnig er verið að kanna samstarf um sálfræðing við VIRK.

Samkvæmt skimunarblöðum seinni spannar frá kennurum til nemendapjónustu ME kemur fram að 104 nemendur þurfa einhverskonar aðstoð. Námsörðugleikar og kvíði virðast veða þar þyngst.

Samhliða breytingum á stundatöflu var umsjónarkerfinu einnig breytt þannig að nú fer umsjónin að stórum hluta fram í fagtímum og kennarar senda nemendapjónustu upplýsingar um nemendur. Umrædd skimun er einmitt liður í þessu.

Verið er að vinna bót á ábendingum um skort á hrósi innan skólans. Elín Rán hyggst fara á milli kennslustunda og fylgjast með því starfi sem þar fer fram. Þar vonast hún eftir að finna tilefni til að hrósa kennurum fyrir störf sín.

Lögð er áhersla á virkt starf Búbótar. Í lok vikunnar fer t.a.m. fram jólabjórshátíð starfsmanna. Til stendur að bjóða starfsfólki upp á ávexti á kaffistofu seinni part dags til að auka úthald og bæta líðan.

Árni fer yfir mögulegar umbætur í húsnæðismálum, s.s. varðandi fjölgun starfsmannaklósetta og breytingar á bókasafni skólans. Búið er að bæta við sófa á kaffistofuna og farið að huga að breytingum á borðkrók kaffistofunnar til að bæta aðgengi.

Glærusýningin sem Árni kynnti verður sett í Dropbox skólanefndar.

Skólanefnd gerir engar athugasemdir við umbótaáætlunina og samþykkir hana fyrir sitt leyti.

### **3. Gangurinn í skólastarfinu – fundur skólameistara á Selfossi ofl – ÁÓL**

Árni sótti nýverið fund skólameistara á Selfossi. Þar kom m.a. fram frá hendi skólameistara að staða framhaldsskóla er frekar að lagast á heildina lítið eftir mögum ár og menntamálaráðherra lýsti betri tímum í rekstrarmálum framhaldsskóla

og vísaði þar í 5 ára áætlun um fjármál ríkisins, hvernig svo sem efndir verða á því. Til frekari upplýsingar um rekstur framhaldsskóla, sjá bls. 170 um framhaldsskólástigið

<https://www.fjarmalaraduneyti.is/media/frettatengt2016/Opinber-fjarmal-2017-2021.pdf>

Farið verður yfir fjárhagsáætlunargerð skólans og mögulega umbótaáætlun með ráðuneytisfólki föstudaginn 2. desember.

Árni varpar upp drögum að „stefnu ríkisaðila í A-hluta til þriggja ára“ eins og þau eru stödd í augnablikinu og ræðir nokkra þætti.

Hlynur veltir því upp hvort ekki megi huga að verknámi við skólann og koma þannig til móts við nemendur á nágrannasvæði skólans. Fundarmenn sammála um að leita verði leiða til að efla samstarf við VA og nýta þá framúrskarandi aðstöðu sem þar er. Norðfjarðargöng gætu hjálpað til við að námsframboð þessara skóla gætu orðið valkostur á báða bóga. Rætt um í hvaða mæli æskilegt sé að námsframboð þessara skóla skarist. Einnig kosti þess að börn geti staldrað sem lengst í heimabyggð eða nálægt henni áður en farið er lengra til.

Búið er að gera skurk í tiltekt í skólanum og henda rusli sem hefur safnast upp. Einnig að kaupa stórt sjónvarp/skjá sem mun leysa af tjald og skjávarpa í fundaherbergi.

Gagnahraði inn í skólann var nýverið aukinn til muna og jókst þar með snerpa tölvukerfisins. Beinum (routerum) hefur verið fjölgað í skólanum og jafnvel fyrirhugað að fá aðila til að mæla byggingarnar m.t.t. netnotkunar.

Búið er að fara í gegnum gamalt excelskjál yfir eignir í skólanum, að beiðni ráðuneytis, sem margar hverjar reyndust fyrndar. Slíkar eignir fjarlægðar úr skjalinu.

Ekki fleira rætt um ganginn í skólastarfinu.

#### **4. Fjármál framhaldsskólanna–fjárhagsáætlanagerð fyrir ár 2017 – ÁÓL**

Árni varpar upp og fjallar um rekstraráætlun ársins 2016 og rekstarspá fyrir árið 2017 frá 16. nóv. Gera má ráð fyrir tæplega sex milljón króna rekstrarafgangi á árinu 2016 miðað við stöðuna í dag. ME stendur ágætlega varðandi rekstrarfé miðað við marga aðra skóla sem helgast m.a. af leigutekjum vegna sumarhótels. Umræður skapast um hvort hætta sé á að rekstrarafgangur verði fjarlægður af reikningi skólans. Árni nefnir að allt undir 4% í afgang á árinu sé látið vera.

Árni hefur eftir menntamálaráðherra frá skólameistarafundinum á Selfossi að gera megi ráð fyrir stórfelldri hækkun á fjárframlögum til skóla, t.d. fyrir nemendaígildi. Hagnaði þeim sem að sögn ráðherra myndast inni í framhaldsskólakerfinu vegna styttingar náms til stúdentsprófs, verður varið innan framhaldsskólakerfisins.

Rekstraráætlun fyrir árið 2017 rædd. Þar hafa rekstrarliðir verið uppfærðir miðað við árið á undan m.t.t. vísitölubreytinga. Árni nefnir að veikindi starfsfólks geti haft veruleg áhrif á fjárhag skólans þar sem engar bætur fáist fyrir þeirra veikindi.

Árni sýnir mynd af því hve launakostnaður er hátt hlutfall af rekstrarkostnaði skólans, í kringum 90%. Bóknámsskólarnir hafa skilað betri afkomu en verknámsskólarnir og mjög fámennir skólar eiga undir högg að sækja.

Skólanefnd gerir engar athugasemdir við rekstraráætlun 2017 fyrir sitt leyti.

Skúli Björn greinir frá bréfi frá skólanefnd MK, sem barst milli funda, þar sem innt var eftir samstöðu skóla um að þrýsta á um aukin fjárframlög til framhaldsskólanna. Að höfðu samráði við aðra skólanefndarmenn svaraði Skúli Björn því til að ME væri tilbúinn í slíkt en ekkert hefur heyrst frá MK síðan.

## **5. Skipurit ME–drög til skoðunar**

Árni varpar upp gildandi skipuriti skólans. Ýmsir þættir í því orðnir úreltir, s.s. varðandi aðstoðarskólameistara og breytingar á brautarmálum.

Hugmynd að nýju skipuriti varpað upp og Árni útskýrir það.

Skúli veltir upp hvort ekki þurfi að skilgreina yfirstjórn skólans betur í ritinu.

Hlynur: Mætti færa eitthvað af því sem er undir verkefnisstjórn undir mannauðsstjóra?

Lára: Eru þjónusta og kennsla í ME jafn aðskilin og skipuritið gefur til kynna?

Árni: Vissulega eru tengsl á milli ýmissa þátta en markmiðið að skipuritið gefi sem skýrasta mynd af verkþáttum í skólastarfinu, einskona landakort.

Skipuritið er á réttari leið og vel á veg komið að mati Skúla Björns. Hann veltir fyrir sér hvort tekið sé fram í skólanámskrá að áfangastjóri sé staðgengill skólameistara. Einnig hvort skólanefnd og skólaráð séu rétt staðsett í skipuritinu. Skólanefnd ætti að tengjast skólameistara og ráðherra í skipuritinu þar sem hún er eiginlega ráðgefandi nefnd þar á milli. Skólaráð á heima við hlið skólameistara.

Skólanefnd samþykkir skipuritið með fyrirvara um fíniseringar í samræmi við umræður fundarins.

## **6. Vorönn 2017**

Árni er að byrja á kennsluskiptingu fyrir vorönn. Nokkrir þættir eru enn óljósir varðandi hana. Má þar nefna starfshlutfall Jóns Inga, sem verið hefur í veikindaleyfi en kemur væntanlega til starfa á vorönn. Einnig hugsanlegt leyfi Ólafar Bjarkar, en komi til þess þarf líklega að fella niður einhverja áfanga í listum. Fylla þarf í skarð Nönnu Imsland, námsráðgjafa, sem verið hefur í veikindaleyfi og fer í fæðingarorlof á vorönn. Katrín María mun leysa hana af að hluta og einnig Sigrún Harðardóttir sem snýr aftur í ME á vorönn. Sigrún mun einnig sinna kennslu. Dagur Skírniir verður væntanlega ráðinn í kennslu félagsgreina fram á vorið. Árni ljáir máls á því að þegar kennari hefur ekki fulla kennslu sé hann settur í önnur kennslutengd störf.

Eins og fyrr greinir eru vonir bundnar við að sálfræðingur verði ráðinn við skólann í hálfu starfi.

Ekki er þörf á því að auglýsa sérstaklega stöður fyrir vorið. Engin stórkostleg vandkvæði eru fyrirsjáanleg varðandi kennsluskiptingu vorannar 2017.

## **7. Fardagar 2017**

Arnar greinir frá fyrirkomulagi Fardaga 7. – 10. mars 2017. Um er að ræða tilraunaverkefni á vegum Fjarmentaskólans sem fóstrað er hjá FNV á Sauðarkróki. Dagarnir munu koma í stað opinna daga í ME. Er verkefnið hugsað þannig nemendur í aðildaskólum Fjarmentaskólans geti sótt námskeið á milli skóla og fengið einingu fyrir. Lagt er upp með að hafa tilraunina smáa í sniðum til að byrja með en stækka hana milli ára ef vel gengur.

Í ME er starfandi fardaganefnd sem hefur fundað tvisvar á haustönn. Hefur komið upp hugmynd um að tengja dagana við menntun til sjálfbærni í sinni víðustu mynd og nýta til þess Sprotasjóðsstyrk sem skólinn fékk til slíkra verkefna. Til greina kæmi að halda námskeið í Sláturhúsinu, Sköpunarmiðstöðinni á Stöðvarfirði, á Seyðisfirði og víðar. Bindindisfélag ME hefur kannað áhuga nemenda á að fara í menningarferð til Rómar á þessum dögum og hafa undirtekir verið framar vonum að sögn Guðgeirs.

Unnið verður áfram með þessar hugmyndir í fardaganefnd. Skúli Björn benti á að einnig þyrfti að halda foreldrum upplýstum um þetta ef kæmi til ferðalaga.

## **8. Önnur mál**

### **a. Breyting á dagsetningu útskriftar haust 2016**

Ákveðið hefur verið að færa útskriftardag frá þriðjudeginum 20. desember til sunnudagsins 18. desember kl. 14. Árni býður alla fundarmenn hjartanlega velkomna á útskriftina. Tilefni færslunnar er ábending frá nemanda um að frídagur um helgi henti betur til útskriftar en vinnudagur í miðri viku sem má til sanns vegar færa.

**b. Viðveruskráning foreldra U18 í INNU**

Arnar greinir frá því að tekinn hafi verið upp sá háttur á síðustu spannaskilum að foreldrar myndu sjálfir skrá veikindi barna undir 18 ára aldri í Innu í stað þess að hringja á skrifstofu skólans. Skrifstofustjóri skólans þarf eftir sem áður að samþykkja veikindaskráningar í Innu. Þessi tilraun hefur reynst vel og létt álagi af skrifstofunni milli kl. 8 og 10 á morgnana. Má gera ráð fyrir því að sambærilegar breytingar verði gerðar á komandi önn varðandi nemendur sem orðnir eru 18 ára, þ.e. að þeir geti sjálfir skráð veikindi sín í Innu í stað þess að hringja inn.

**c. Félagsstörf nemenda**

Guðgeir ítrekar markmið nemendaráðs um plastpokalaust nemendafélag. Hann greinir einnig frá miðvikudagsviðburðum nemendaráðs, þ.e. að hafa ávallt einhverja viðburði á miðvikudögum. Árshátið verður haldin 9. des og undirbúningur kominn á fullt. Borðhald fer fram í Valaskjál en ballið á Kaffi Egilsstöðum. ME heldur árlega Metamót þar sem keppt er í ýmsum sérkennilegum greinum.

Búið er að stofna ýmis félög upp á síðkastið, s.s. hinsegin félagið Kindsegin, mannréttindafélag og kvikmyndaklúbb. Ljóðafélag er í burðarliðnum. Guðgeir nefnir að passa verði upp á að nýstofnuð félög „sofni“ ekki.

Lára segir að mikilvægt sé að koma á félagsmálanámskeiði fyrir stjórnarmenn í nefndum og ráðum nemenda. Slíkt námskeið er t.d. auðvelt að hafa á fardögum á komandi vori.

Skólanefnd lýsir yfir ánægju með virkni í félagsstörfum og stofnun mikilvægra félaga þar sem ME er í brautryðjendastarfi innan framhaldsskólanna.

**d. Dagur skapandi greina**

Lengi hefur staðið til að koma á fót Degi skapandi greina í samstarfi við Menningarmiðstöðvar á Austurlandi, skólastofnanir, fyrirtæki og listamenn á Austurlandi. Slíkur dagur gæti m.a. verið góður kynningarvettvangur fyrir listnám á Austurlandi. Málið var fyrst rætt í tengslum við Sóknaráætlunarverkefnið Fjölgun námstækifæra í skapandi greinum og er á hugmyndastigi. Hægt væri að hafa þetta að vori, t.d á fardögum og tengja við nýsköpun og atvinnusköpun. Málið rætt og því vísað til skólameistara.

*Næsti fundur er áætlaður 31. janúar. Fleira ekki rætt. Skúli Björn slítur fundi kl. 18:50 og býður til krása sem mötuneytið hafði galdrað fram fyrir skólanefnd af alkunnri snilld.*

*Fundargerð ritaði Arnar Sigbjörnsson.*